

Ég, Agnar Kofoed-Hansen býð mig fram til endurkjörs í stjórn Lífsverk lífeyrissjóðs



Minn styrkleiki liggur fyrst og fremst í þeirri reynslu sem ég hef öðlast sem stjórnarmaður og síðar varaformaður stjórnar Lífsverks lífeyrissjóðs undanfarin 3 ár. Þar hef ég miðlað þekkingu sem ég hef aflað við stjórnarstörf hjá Arion banka hf. sem stjórnandi fyrirtækja á fjármálamarkaði og víðar í gegnum árin. Ég er skipulagður og vinn vel undir pressu og á auðvelt með að setja mig inn í flóknar kringumstæður. Ég hef ánægju af því að takast á við að byggja upp traustan og öflugan lífeyrissjóð okkur öllum til handa.

MARKMIÐ

Þau 3 ár sem ég hef starfað í stjórn Lífsverks hef ég lagt áherslu á fjölgun sjóðsfélaga, aðhald í kostnaði, fjárfestingar í öruggum erlendum verðbréfum og leitað leiða til að stækka sjóðinn með sameiningu eða samrekstri. Í dag er Lífeyrissjóðurinn Lífsverk með trausta fjárhagsstöðu þrátt fyrir áföll og hrun á hlutabréfamarkaði þar sem hlutfall hlutabréfa í sjóðnum er minna en margra annarra stærri sjóða. Markmið mitt sem stjórnarmanns er að halda áfram með áðurnefndar áherslur sem meðal annars felast í því að hækka hlutfall trausta verðtryggðra og erlendra eigna og veita aðhald í rekstri, allt í þeim tilgangi að tryggja okkur góðan lífeyri.

YFIRLIT YFIR STÖRF OG MENNTUN

Störf

2017	Stjórnarmaður í Lífsverk lífeyrissjóði og stjórnarformaður Verkfræðingahúss ses
2013	Stjórnunarráðgjafi hjá Intellecta ehf.
2011-2015	Stjórnarmaður í Arion banka hf. í 3 ár og síðar í AFL sparisjóði
2008-2013	Framkvæmdastjóri fjármála og tölvumála hjá HRV Engineering hf.
2000-2007	Framkvæmdastjóri SPRON Factoring hf.
1991-2000	Framkv.stj. og eigandi fyrirtækja í miðlun fjárhagsupplýsinga (Lánstraust hf. ofl.)
1989-1991	Deildarstjóri Verðbréfadeildar Kaupþings hf.
1987-1989	Forstöðumaður Lánasviðs Iðnaðarbanka Íslands hf.
1984-1987	Sölu- og markaðsstjóri hugbúnaðarfyrirtækisins Þróun ehf.

Menntun

2018	ACC Vottun sem markþjálfari útgefið af International Coaching Federation (ICF)
2011-2015	Próf og síðar vottun Fjármálaeftirlitsins um hæfi til stjórnarsetu í fjármálafyrirtækjum
2014-2015	Námskeið í HR um stjórnarhætti fyrirtækja og síðar Vinnustofa um stjórnarhætti í HÍ
2009	Diplómanám í markþjálfun og undirbúningur fyrir ACC vottun,
2008	Diplómanám í Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun með IPMA vottun
2006	Diplómanám í fjármálagreiningu við HR (Corporate Credit Analysis)
1991	Próf í verðbréfamiðlun og réttindi sem verðbréfamiðlari
1988	Próf í fjármálagreiningu (Advanced Credit Analysis) frá MHT banka, New York, USA
1984	Próf í frumkvöðlafræðum, upplýsingatækni og fjármálum frá MIT, Sloan School, USA
1981-1983	Meistarapróf í rekstrarverkfræði frá DtU í Danmörku
1977-1981	Próf í véla- og rekstrarverkfræði frá Háskóla Íslands